

varið, og er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi, er hann geldur, fjárhæð, **34**
er nægi til greiðslu útsvarsins, enda sé honum tilkynnt um útsvarsálagninguna svo **12. febr.**
fljótt sem unnt er.

4. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 3. mgr. 27. gr. laganna, lög nr. 23 12. febr. 1940, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu forseta Íslands, skal færa þau inn í meginmál laga um útsvör, nr. 106 23. júní 1936, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

35

12. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1945.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1945 skal koma saman 1. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

36

12. febr.

um framboð og kjör forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við kjör forseta Íslands skal fara eftir gildandi kjörskrá yfir alþingiskjösendur.

36

12. febr.

Undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar, en auk þessara kjörstjórna hefur hæstiréttur þau störf með höndum, sem segir í lögum þessum.

3. gr.

Forsetakjör skal fara fram síðasta sunnudag í júnimánuði fjórða hvert ár, sbr. þó 2. mgr. Forsætisráðherra auglýsir kosninguna í útvarpi og lögbirtingablaði eigi síðar en þrem mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá innan árs kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá þeirri kosningu. Ákveður forsætisráðherra þá kjördag, en að öðru leyti fer eftir fyrirmælum laga þessara.

4. gr.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en 5 vikum fyrir kjördag, og auglýsir dómsmálaráðuneytið með sama hætti og segir í 3. gr. innan viku, hverjir séu í kjöri til forsetaembættisins, en afgreiðir til hæstaréttar öll áðurnefnd skjöl.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna, sem síðan annast framsending þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla til alþingiskosninga.

Á kjörseðla skal prenta skýru letri nöfn forsetaefna í stafrófsröð.

6. gr.

Um kosningaathöfnina sjálfa sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

7. gr.

Nú deyr forsetaefni, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, og má þá annað forsetaefni gefa kost á sér í stað hins, ef fullur helmingur meðmælenda hins látna er meðal meðmælenda hans.

Annars úrskurðar hæstiréttur um það, hvort fresta þarf kosningu vegna andláts forsetaefnis og undirbúa kosningu af nýju.

8. gr.

Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar, en hæstiréttur notar sérstaka gerðabók um þessi efni.

9. gr.

Að lokinni kosningu senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum, er segir í lögum um alþingiskosningar. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana, og fer síðan talning atkvæða fram með sama hætti og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það, hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla.

10. gr.

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn hæstarétti eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum, sem ágreiningur hefur verið um.

11. gr.

Þegar hæstiréttur hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla, boðar hann forsetaefni eða umboðsmenn þeirra til fundar, þar sem hann úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa því forsetaefni, sem hæstri atkvæðatölu hefur náð.

Nú er ágreiningur um kjörgengi forsetaefnis, og sker þá hæstiréttur úr.

12. gr.

Nú hefur aðeins einn maður verið í kjöri til forsetaembættisins, og er hann þá rétt kjörinn forseti Íslands án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann kjörgengis-skilyrðum. Gefur hæstiréttur út kjörbréf handa honum þegar að liðnum framboðs-fresti.

13. gr.

Staðfest eftirrit af kjörbréfi forseta sendir hæstiréttur forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis.

14. gr.

Ákvæði 134. gr. og XVII., XXI. og XXII. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um kosningar samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

Kærun um ólögmati forsetakjörs, aðrar en refsikærun, skulu sendar hæstarétti eigi síðar en 5 dögum fyrir fund þann, er í 11. gr. getur.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Stjórnartíðindi 1945, A. 3.

L Ö G

um lendingarbætur í Grunnavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Grunnavík í Grunnavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaður eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 15 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Grunnavíkurborps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 15 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grunnavíkurbrepps kann að taka í innlendri